Stjórnarfundur FHD 19. September 2012

Mættir eru Egill Bergmann, Vilhjálmur Ólafsson, Þorsteinn Friðriksson, Bragi Valur Egilsson og Jón Ásgeir Einarsson.

Fyrsta mál á dagsskrá var fyrirhugaður deildarfundur FHD þar sem lokaútfærsla á nýju veiðiprófsreglunum verður til umræðu. Ákveðið var að halda fundinn 10. október í Sólheimakoti kl. 20.00. Ákveðið að finna fundarstjóra til þess að stýra fundinum. VÓ stakk upp á Ólafi E Jóhannssyni og var vel tekið í það.

Dagsskrá veiðiprófa: Lögð voru drög af veiðiprófaskrá ásamt rekstraráætlun.

ÞF lýsti yfir óánægju sinni með að þrjú síðustu veiðipróf skuli ekki komin inn í gagnagrunninn. Beðið er eftir gögnum frá viðkomandi prófstjórum svo hægt sé að hamra þetta inn.

Stigagjöf FHD fyrir stigahæsta hundinn var tekin til umræðu og var samþykkt að halda henn óbreyttri út árið 2012 þ.e. að stig fást eingöngu úr veiðihundaprufum og keppnisflokkum á vegum FHD, Vorsteh deildar og Írsk setter deildar. Stigagjöfin er til endurskoðunar.

Umsókn um dómaranám: Borist hafa tvær umsóknir til dómaranáms. Stjórn FHD óskaði eftir frekari fylgigögnum frá umsóknaraðilum áður en hún tæki afstöðu til umsóknanna.

Sólheimakot: Ákveðið að mæta á fund með fulltrúum HRFÍ þar sem framtíð Sólheimakots er til umræðu.